



**Stjórnarfundur hjá Félagi skógareigenda á Suðurlandi, haldinn 29.01. 2018**  
**að Víðihvammi 10, Kópavogi kl. 10:00**

Mættir: María E. Ingvadóttir, Bjarnheiður Guðmundsdóttir, Hannes Lentz, Sigríður Hjartar, Sigurður Sigurkarlsson. Sigríður Heiðmundsdóttir tilkynnti forföll vegna anna.

Áður en gengið var til boðaðrar dagskrár var farið yfir félagatal og innheimtu árgjalda. Samkvæmt félagaskrá eru 235 aðilar skráðir í Félag skógareigenda á Suðurlandi. Félagar eru hvattir til að tilkynna breytingar sem kunna að verða á netföngum o.þ.h. en dálítill brögð eru á því að það gleymist. Skil á árgjöldum eru góð en nokkrir hafa þó dregið að gera upp eldri árgjöld. Haft verður samband við þá og vonast stjórnin eftir skjótum viðbrögðum.

Á þessum fyrsta fundi stjórnar á nýju ári voru nokkur föst atriði sem tekin voru fyrir.

1. Aðalfundur. Þessi fundur hefur oftast verið haldinn um miðjan maí sem hefur mælst misjafnlega fyrir, því var ákveðið að boða til aðalfundar laugardaginn 21. apríl kl. 11. Fundarstaður hefur ekki verið ákveðinn, en leitast verður við að hafa hann miðsvæðis. Dagskrá aðalfundar er að venju nokkuð hefðbundin. Nokkur breyting er fyrirsjáanleg á skipan stjórnar en hafa ber í huga að fólk í aðalstjórn er kosið til þriggja ára í senn, en varamenn eru kosnir árlega. Lagabreytinga er þörf að þessu sinni, þar sem breyting hefur orðið á skipan skógræktarmála. Hafi félagar tillögur til breytinga á lögum félagsins þarf að koma þeim til stjórnar FsS fyrir 1.3. Tillögur til lagabreytinga skal senda út með boðun aðalfundar. Lög FsS má sjá á [www.skogarbondi.is](http://www.skogarbondi.is).
2. Jónsmessuganga er fastur viðburður og hefur verið blásið til hennar nær árvisst frá stofnun félagsins 1992. Jónsmessan 24. júní er að þessu sinni á sunnudegi og það er sá dagur sem stjórnin horfir til og biður féлага að taka frá. Staður og stund verða tilkynnt síðar.
3. Aðalfundur Landssamtaka skógareigenda, LSE. Nú er komin röðin að Félagi skógareigenda á Suðurlandi að halda aðalfundinn, sem er haldinn til skiptis af landshlutafélögum skógarbænda. Fundarstaður verður á Hótel Stracta á Hellu og fundardagar dagana 5. til 7. október. Stjórnin hvetur féлага til að fjölmenna á fundinn og rétta hjálparhönd við undirbúning. Bréf til allra skógarbænda þar sem koma fram upplýsingar um skráningu, kostnað o.fl. verður sent félögum þegar nær dregur.
4. Brunavarnir. Stjórnarmennirnir Hannes Lentz og Sigurður Karl Sigurkarlsson hafa verið að kanna tryggingamál skógareigenda, skoða grunn og markmið. Nokkrar lykilupplýsingar vantar enn áður en tryggingafélög geta tekið afstöðu til þessara mála. Nýr bæklingur um brunavarnir er í burðarliðnum. Stjórnin horfir til félagsfundar 7. apríl þar sem vonandi verður unnt að kynna bæklinginn. Staður og stund kynnt síðar.

Félagsmenn eru beðnir að taka frá dagana 7.4., 21.4., 24.6. og 5.-7.10.  
Fleira var ekki rætt og fundi slitið kl. 12.30.

Fundarritari Sigríður Hjartar